

Borgarráð 13. júlí 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflókks Íslands um rafræna miða á vegum Reykjavíkur og fyrirtækja í hennar eigu MSS23070047

Hvernig er friðhelgi einkalífs fólks sem notar rafræna aðgangsmiða að þjónustu borgarinnar tryggð? Átt er við miða eins og þá sem veita aðgang í sundlaugar og strætó, svo dæmi séu tekin. Geta lögregluþyrirvöld fengið aðgang að sundkortum eða strætókortum sem eru skráðar á tiltekna manneskjur? Ef svo er, þarf sérstaka heimild til þess? Er hægt að fylgjast með því hvenær og hvar tiltekin manneskja notaði aðgangskort sitt í sundlaugar eða strætó til þess að fylgjast með eða hafa upp á viðkomandi?